

Mál nr. 167/2008

**M
og
Vátryggingafélag ð X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar Y.**

Árekstur á Tryggvabraut á Akureyri þann 17.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 29.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.9.2008.
3. Bréf Y, dags. 15.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Tryggvabraut og var A ekið á undan B. Þar sem áreksturinn varð er ein nokkuð breið akrein til vesturs. Er A var beygt til hægri áleiðis inn á bifreiðastæði hjá Olís og Ellingsen rákust saman framanverð hægri hlið A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi, en ísing á götunni er áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa gefið stefnumerki til hægri um þá fyrirætlan sína að beygja til hægri. Á sama tíma hafi B komið og ætlað fram úr A hægra megin.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á hægri akrein þegar A hafi skyndilega verið beygt af vinstri akrein þvert í veg fyrir B. Hann hafi ekki átt möguleika á að stöðva þar sem fjarlægð milli bifreiðanna hafi verið mjög lítil.

Álit.

Er áreksturinn varð voru báðar bifreiðir á leið vestur Tryggvabraut. Af ákomustöðum á bifreiðunum má ráða að A hafi verið a.m.k. sem nam breidd B frá hægri brún götunnar er henni var beygt inn á bifreiðastæðið. Samkvæmt 1. másl. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna, ber að aka sem næst hægri brún akbrautar, þegar beygt er af henni til hægri, og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Af gögnum málsins þykir ljóst að misbrestur hefur orðið að þessu leyti hjá ökumanni A. Á hann því sök á árekstrinum. Ökumaður B náði ekki að stöðva bifreið sína í tæka tíð áður en rekstur varð. Hann hefur ekið óþarflega nálægt A, einkum með tilliti til þess að ísing var á akbrautinni. Verður áreksturinn einnig rakinn til þessa og á ökumaður B því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sökinni að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 30. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.